

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes

Borgarnesi 04.04.17  
Ásgeir Sæmundsson  
Arkarholti 11  
270 Mosfellsbær

Erindi til Byggðaráðs

Góðan dag

Ég vil byrja á að vísa í fyrri erindi sem ég sendi til Byggðaráðs þann 11.01.17 og 02.02.17.

Eftir fund Byggðaráðs 16..02.17. var starfsmanni falið að svara þeim spurningum sem ég ítrekaði í bréfi til ráðsins, ég fékk svarbréf sent í pósti þann 17.03.17.

Ég tel að það hafi verið hægt að gera betur í svörum sem ég fékk og ítreka ég því spurningarnar hér, ásamt atriðum sem koma fram í svarbréfinu og væri gott ef þið hefuð það hjá ykkur við þessa afgreiðslu.

Í svarbréfinu kemur fram að líkleg ástæða fyrir að umsóknir okkar feðga hafi ekki verið tekin fyrir þann 1. apríl 2016 eins og okkur hafi verið lofað sé að málið hafi verið flóknara en það leit út í byrjun. Ég óska því hér með að fá að vita hvað sé svona flókið svo við getum útskýrt þetta fyrir starfsmönnum. Annarsveggar var þetta viðbygging við 40 fm. sumarhús og svo bygging á öðru sumarhúsi og hélt ég í einfaldni minni að það væri ekki flókið ferli fyrir jafn stórt sveitarfélag að leysa.

Í svarbréfinu kemur fram að gera skuli deiliskipulag fyrir nýjum mannvirkjum sé það ekki fyrir hendi eins og fram kemur í 37. gr. skipulagslaganr. 123/2010. Við skiluðum inn deiliskipulagi fyrir svæðið 27.05.16 og hefur það ekki enn verið tekið fyrir en breyting á deiliskiplagi, ásamt breytingu á aðalskipulagi sem var lagt fram 17.03.17 var tekið fyrir 22.03.17. Ég vil benda á að samkvæmt stjórnarsýslulögum frá 1993 kemur fram í grein 11:

**11. gr. Jafnræðisreglan.**

- Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.
- Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum. (Gott að lesa)

Vangaveltur vegna svara í svarbréfinu, Um var að ræða sex spurningar:

1. Mér þykir skrítið svar að ekki sé hægt að leita að svörum hjá fyrrverandi starfsmanni og segja að hann hafi ekki skilið eftir gögn vegna þessa. Rangt að velta ábyrgðinni yfir á fyrrverandi starfsmann og ætla að afgreiða málið þannig án þess að svara. Byggðaráð þarf að leita eftir svörum við þessari spurningu hjá skipulagsnefnd Borgarbyggðar. Byggðaráð þarf að útskýra hvers vegna þurfti ekki að breyta aðalskipulagi vegna deiliskipulags fyrir Bæjargil (landnúmer 221570). Þó einhver starfsmaður sé hættur er skipulagsnefnd Borgarbyggðar væntanlega ennþá virk. Það var skipulagsnefnd Borgarbyggðar sem ákvað að sleppa því að fara í breytingu á aðalskipulagi og senda deiliskipulagið í auglýsingu undir fölsku nafni. Skipulagsnefnd þarf því að svara fyrir þetta en ekki einhver fyrrverandi starfsmaður. Skipulagsnefndin hlýtur að hafa stuðst við gögn við afgreiðslu málsins.
2. Í 9 gr. stjórnslýslulaga frá 1993.  
**■9. gr. Málshraði.**  
Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.  
Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.  
Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.
3. Æi. Er mikið að gera í vinnunni ? Útskýringar í þá vegu duga ekki þar sem önnur verk hafa augljóslega verið tekin fram fyrir þetta verk. Tafir á málinu hljóta að eiga sér aðrar skýringar. Svör óskast.
4. Mikið rosalega geta landnúmer þvælst fyrir ykkur hjá Borgarbyggð. Bæjargil landnúmer 221570, Húsafell 2 landnúmer 178425 og Húsafell 2 landnúmer 134492 eru ekki eitt og sama landið (lóðin), heldur þrjár sjálfstæðar jarðir (lóðir). Eins og réttilega er bent á í svari Borgarbyggðar þá er Húsafell 1 landnúmer 176081 ekki skráð lögbýli og því þarf að breyta aðalskipulagi vegna deiliskipulagsvinnu þar. Í svarbréfi Borgarbyggðar kemur fram að samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags Borgarbyggðar er heimilt að byggja ákveðinn fjölda **ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS** og **FRÍSTUNÐARHÚSA** á lögbýlum án þess að komi til breytingar aðalskipulags. Í skipulagslögum gr. 41 kemur fram að ef deiliskipulag er ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Viljið þið ekki bara endurskoða svar við spurningu 4 ? Jafnvel að sleppa því að tala um Húsafell 2 ( landnúmer 134492, sem er yfir 2100 hektarar). Að minnsta kosti að skýra betur út hvers vegna sú jörð kemur málinu við og að ekki hafi þurft að breyta skipulagi fyrir Bæjargil þar sem Húsafellsjörðin (landnúmer 134492) er lögbýli. Athugið að þetta er ekki einu sinni Húsafell 2, landnúmer 178425, en deiliskipulagið var auglýst fyrir þann landskika þó það væri Bæjargil (landnúmer 221570) sem verið var að skipuleggja. Ef til vill ætti Borgarbyggð að vanda sig betur við að svara bréfum og forðast augljósar rangfærslur sem auðvelt er að hrekja.
5. Þar beini ég spurningu til Byggðaráðs og vil álit ráðsins en ekki persónulegt álit bréfitara um hvað hann telji almennt eiga við. Ætlar Byggðaráð að sætta sig við og bera ábyrgð á því að íbúar Borgarbyggðar séu blektir á þann hátt sem gert var, þ.e. deiliskipulag auglýst undir

röngu nafni og röngu landnúmeri. Ætlar Byggðaráð að samþykkja þau vinnubrögð skipulagsnefndar Borgarbyggðar að nágranni sé nefndur umsagnaraðili þó hann hafi aldrei fengið að vita af gerð deiliskipulagsins? Ætlar Byggðarráð að samþykkja þau lögbrot skipulagsnefndar Borgarbyggðar að deiliskipulag sé ekki kynnt fyrir hagsmunaaðilum og eiganda aðliggjandi jarðar. Telur Byggðaráð ekki ástæðu til að kanna málið og fá útskýringar hjá þeim ( þ.e. skipulagsnefnd Borgarbyggðar) sem stóðu fyrir þessum lögbrotum? Svára er krafist og þess jafnframt krafist að svarið sé bundið við þetta einstaka tilvik, þ.e. vinnubrögð Borgarbyggðar við gerð og samþykkt deiliskipulags fyrir Bæjargil.

6. Þar sem ekki má birta vinnugögn sem lögð eru fyrir á fundi að þá getur maður leitað í fundargerðum og séð að 11. Gr. stjórnsýslulaga hefur gróflega verið brotin á okkur feðgum og óska ég því eftir útskýringum á því hvers vegna svo er.

Í lok bréfsins er mér leiðbeint með framhald málsins og áframhaldandi vinnslu þess og vil ég þá benda á þann fjölda tölvupósta og skilaboða sem ég og mér tengdir eigum ósvarað hjá Borgarbyggð, þau síðustu núna í marsmánuði.

Í bréfi þessu hef ég sleppt að nafngreina starfsmenn eða nefna starftitla og ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að Byggðarráð birti það opinberlega.

Virðingafyllt  
Ásgeir Sæmundsson  
S 894-8118